

Ár 2013, mánudaginn 14. október kom stjórn SSNV saman til fundar að Höfðabraut 6, Hvammstanga, kl. 13:00.

**Mætt til fundar:** Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Dagur atvinnulífsins. Hvatningarverðlaun SSNV.
2. Kjördæmavika. Fundur með þingmönnum 21. október nk.
3. Ársþing SSNV. Undirbúningur.
4. Sóknaráætlun landshluta.
5. Almenningsamgöngur.
6. Vinnumarkaðsráð. Tilnefning.
7. Bréf og kynntar fundargerðir.
8. Önnur mál:
  - a. Fjárlagagreining.
  - b. Vaxtarsamningur.

#### Afgreiðslur:

1. Dagur atvinnulífsins. Hvatningarverðlaun SSNV

Lögð fram drög að dagskrá fyrir Dag atvinnulífsins sem haldinn verður 31. október nk. Tekin var ákvörðun um að tilnefna fimm fyrirtæki til Hvatningarverðlauna SSNV 2013. Jafnframt ákveðið að óska eftir gerð verðlaunagrips fyrir það fyrirtæki sem hljóta mun viðurkenninguna.

2. Kjördæmavika.

Fyrirhugaður er fundur með þingmönnum Norðvesturkjördæmis 21. október nk. Ákveðið að boða til hans með hefðbundinni dagskrá og kanna hvort unnt er að halda fundinn í Stöðvarhúsi Blönduvirkjunar. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá pöntun á rými og veitingum og boða fundinn.

3. Ársþing SSNV. Undirbúningur

Farið yfir drög að ályktunum og farið yfir aðra þætti varðandi undirbúning.

4. Sóknaráætlun landshluta

Fyrir liggur að ekki eru ætlaðir fjármunir í verkefni í landshlutum á vettvangi sóknaráætlunar landshluta á árinu 2014, skv. frumvarpi til fjárlaga sem nú liggur fyrir. Einvörðungu verða lagðar 15 milljónir króna til úttektar. Þau verkefni sem samið var um á árinu 2013 munu þó fá umsamin framlög.

Stjórn SSNV samþykkir eftirfarandi ályktun:

*Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2014 verða 15 milljónir kr. veittar til sóknaráætlana landshluta. Þetta kemur stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra undarlega fyrir sjónir í ljósi þeirrar góðu reynslu sem fengin er af því nýja verklagi, og þeirri nýju nálgun í byggðamálum, sem felst í gerð sóknaráætlunar. Ekki síður koma þessi*

*tíðindi mönnum í opna skjöldu eftir ræður forsætisráðherra á tveimur aðalfundum landshlutasamtaka nýverið. Þar lagði hann áherslu á að gert væri ráð fyrir áframhaldandi fjármögnun landshlutaáætlana. Jafnframt að hugmyndin væri að áætlanir landshlutanna verði nú aftur til eins árs en síðan taki við þriggja ára áætlun frá 2015 – 2017.*

*Þau skilaboð eru afleit sem felast í fjárlagafrumvarpinu til þeirra fjölmörgu, sveitarstjórnarmanna og annarra, sem tekið hafa þátt í þeirri gríðarlegu vinnu sem lögð hefur verið í að þróa þetta verklag. Sú vinna hefur falist í undirbúningi og samráði um stefnumörkun og val á verkefnum til hagsbóta fyrir viðkomandi landshluta. Veitt var 400 milljónum kr. til verkefna á grunni sóknaráætlana landshluta á yfirstandandi ári. Afraksturinn er mjög áhugaverð og mikilvæg verkefni í samræmi við áherslur hvers landshluta. Hér er um að ræða jákvætt skref í byggðamálum þar sem það er lagt í hendur heimamanna að móta áherslur og forgangsraða verkefnum í viðtæku samráði.*

*Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra skorar á ríkisstjórn og Alþingi að tryggja í fjárlögum að það mikilvæga lærdómsferli slitni ekki sem felst í þróun sóknaráætlunar.*

## 5. Almenningsamgöngur

Farið yfir stöðu varðandi almenningsamgöngur. Lögð fram tillaga um gjaldskrárbreytingu. Stjórn SSNV heimilar að gerðar verði breytingar á gjaldskrá í samræmi við þá tillögu sem liggur fyrir fundinum. Jafnframt áréttar stjórn SSNV að ekki verði lögð vinna í skipulagningu þjónustu til framtíðar fyrr en gengið hefur verið frá samkomulagi um uppgjör varðandi leið 57 og tengdra leiða og leiðréttur hefur verið sá forsendubrestur sem orðið hefur frá því að landshlutasamtök sveitarfélaga tóku við verkefninu með samningi við ríkið.

## 6. Vinnumarkaðsráð.

Fyrir fundinum liggur tölvupóstur dagsettur 4. október 2013, frá Margréti Sigurðardóttur ritara ráðuneytisstjóra í Velferðarráðuneytinu, þar sem óskað er eftir því að Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra tilnefni að nýju fulltrúa sína í Vinnumarkaðsráð. Skv. 15. Grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er m.a. kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Stjórn SSNV samþykkir að tilnefna Leó Örn Þorleifsson og Katrínu Maríu Andrésdóttur.

## 7. Bréf og kynntar fundargerðir.

- a) Fyrir liggur bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, undirritað af Elínu Pálsdóttur og Halldóri V. Kristjánssyni, dagsett 23. september 2013, þar sem kynnt er sú ákvörðun að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna hvað framkvæmd þeirra samstarfsverkefna varðar sem samtökin hafa annast og tengjast sóknaráætlunum landshluta. Framlag til SSNV vegna þessa nemur kr. 3.626.820.
- b) Fyrir liggur bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis, undirritað af Vigdísi Hauksdóttur, dagsett, 26. september 2013 þar sem fulltrúum landshlutasamtaka er boðið að fá viðtal við nefndina vegna vinnu við fjárlagafrumvarp 2014. Framkvæmdastjóra falið að panta tíma fyrir fulltrúa SSNV.
- c) Lagðar fram til kynningar ályktanir sem samþykktar voru á aðalfundi SSA sem fram fór í Fjarðabyggð 13. – 14. október 2013.
- d) Lagðar fram til kynningar ályktanir sem samþykktar voru á aðalfundi Eyþings sem fram fór á Grenivík 27. – 28. september 2013.

e) Lögð fram til kynningar fundargerð frá fundi stjórnar Markaðsstofu Norðurlands ses. sem fram fór þriðjudaginn 1. október 2013.

8. Önnur mál

- a. Fjárlagagreining. Rætt stuttlega um áhrif fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarps 2014 á verkefni og starfsemi á Norðurlandi vestra. Ákveðið að vinna að nánari greiningu líkt og gert hefur verið undanfarin ár og munu starfsmenn hefja þá vinnu strax að loknu ársþingi.
- b. Vaxtarsamningur. Fulltrúar stjórnar og framkvæmdastjóri sögðu frá fundi með ráðherra, þar sem kynntar voru hugmyndir varðandi verkefni og fyrirkomulag við lok samningsins sem rennur út í árslok. Ágúst Þór Bragason og Þóra Sverrisdóttir munu fylgja málinu áfram eftir við ráðherra, ásamt framkvæmdastjóra.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:20.